



# Vísindasjóður SBU

## Ársreikningur 2015

Borgartúni 6  
105 Reykjavík

Kt. 591190-2029

# Efnisyfirlit

---

Áritun óháðs endurskoðanda.....	1
Áritun og skýrsla stjórnar.....	2
Rekstrarreikningur.....	3
Efnahagsreikningur.....	4
Sjóðstreymi.....	5
Skýringar .....	6

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

## Til stjórnar Vísindasjóðs SBU

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning fyrir árið 2015. Ársreikningurinn hefur að geyma áritun og skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

## Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sjóðsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2015, efnahag hans 31. desember 2015 og breytingu á handbæru fé á árinu í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík 8. apríl 2016



Valgerður Kristjánsdóttir  
löggiltur endurskoðandi

Ernst & Young ehf.  
Borgartúni 30  
105 Reykjavík

# Áritun og skýrsla stjórnar

---

Ársreikningur Vísindasjóðs SBU er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Samkvæmt rekstrarreikningi Vísindasjóðs SBU var hagnaður ársins 2015 kr. 630.982. Hrein eign félagsins í árslok var jákvæð um kr. 3.208.007.

Stjórn Vísindasjóðs SBU samþykkir hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2015 með undirritun sinni.

Reykjavík 8. apríl 2016



Sigrún Guðnadóttir, formaður




Óskar Guðjónsson



Óskar Þór Práinsson



Dagný Jónsdóttir



Hallfróður Kristjánsson

# Rekstrarreikningur 2015

Rekstrartekjur	Skýr.	2015	2014
Iðgjöld.....		9.503.476	8.625.894
		<u>9.503.476</u>	<u>8.625.894</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Greiddir styrkir.....		8.888.762	8.023.478
Annar rekstrarkostnaður.....		19.832	22.039
		<u>8.908.594</u>	<u>8.045.517</u>
<b>Rekstrarhagnaður</b>		<u>594.882</u>	<u>580.377</u>
<b>Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld</b>			
Vaxtatekjur.....		45.118	54.958
Fjármagnstekjuskattur.....		(9.018)	(10.986)
		<u>36.100</u>	<u>43.972</u>
<b>Hagnaður ársins</b>		<u><u>630.982</u></u>	<u><u>624.349</u></u>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2015

Eignir	Skýr	2015	2014
<b>Veltufjármunir</b>			
Krafa á Félagssjóð.....		2.000.000	0
Útistandandi iðgjöld.....		1.118.493	1.056.740
Handbært fé.....		589.514	1.520.285
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>3.708.007</u>	<u>2.577.025</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u><u>3.708.007</u></u>	<u><u>2.577.025</u></u>
<b>Eigið fé</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Óráðstafað eigið fé í upphafi árs.....		2.577.025	1.952.676
Hagnaður ársins.....		630.982	624.349
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>3.208.007</u>	<u>2.577.025</u>
<b>Skuldir</b>			
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Skuld við Þjónustuskrifstofu FFSS.....		500.000	0
<b>Skuldir samtals</b>		<u>500.000</u>	<u>0</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u><u>3.708.007</u></u>	<u><u>2.577.025</u></u>

# Sjóðstreymi 2015

Handbært fé frá rekstri	2015	2014
<b>Innborganir:</b>		
Innborguð félagsgjöld.....	9.441.723	8.403.759
Innborgaðir vextir.....	45.118	54.958
Lán frá Þjónustuskrifstofu FFSS.....	500.000	0
Innborganir samtals	<u>9.986.841</u>	<u>8.458.717</u>
<b>Útborganir:</b>		
Greiddir styrkir.....	8.888.762	8.023.478
Greiddur annar rekstrarkostnaður.....	19.832	22.039
Greiddur fjármagnstekjuskattur og bankakostnaður.....	9.018	10.986
Lán til Félagssjóðs - SBU.....	2.000.000	0
Greidd skuld við SBU.....	0	200.000
Útborganir samtals	<u>10.917.612</u>	<u>8.256.503</u>
Handbært fé frá (til) rekstri.....	(930.771)	202.214
Handbært fé í ársbyrjun .....	1.520.285	1.318.071
Handbært fé í árslok .....	<u>589.514</u>	<u>1.520.285</u>

# Skýringar

---

## 1. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Fjárhæðir eru sýndar í heilum krónum.

### Innlausn tekna

Iðgjöld eru færð miðað við innsendar skilagreinar, á því tímabili sem skilagreinar tilheyra.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

### Handbært fé

Til handbærs fjár teljast bankainnstæður.